

Stjórnarfundur Leiðsagnar, 11. janúar 2021 kl. 10:00

Ellefti fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn mánudaginn 11. janúar klukkan 10:00. Fundinn var haldinn í gegnum fjarfundabúnað en hann sátu: Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Þór Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar. (Ekki tilbúin, afgreiða á næsta fundi.)
2. Umræða um skýrslu nefndar “um menntun og þjálfun leiðsögumanna.” Afgreitt.
 - a. Fundur með trúnaðarráði á miðvikudagskvöld þar sem Jakob S. Jónsson fer yfir stöðu þeirrar vinnu.
3. Fundur með umhverfisráðherra um fyrirhugaðan hálendisþjóðgarð fimmtudaginn 21.1. klukkan 16:00. Fólk sendir inn spurningar fyrir fundinn en getir líka spurt ráðherra beint á fjarfundinum.
4. Fagdeildargjald. Þarf að senda út árgjaldið 9000 kr. Gjaldalagi 1. febrúar.
5. Fjárhagsstaða Leiðsagnar. Hún er slæm, tekjufallið verulegt. Þjónustutekjur vegna Sjúkrasjóðs breyta miklu.
6. Sjúkrasjóður. Er verið að vinna í því að hann borgi til skrifstofunnar eftir að ASÍ gaf grænt ljós á að það væri heimilt. Þarf uppfæra og skýra reglur. Hafa reglur Eflingar til hliðsjónar.
7. Aukafundur Endurmenntunarsjóðs verður haldinn 3. febrúar. Senda út ítrekun til félagsmanna um að senda inn umsóknir.
8. Fundur með Íslandsbanka. Verið að vinna í að aðskilja Endurmenntunar- og Sjúkrasjóð. Mun betra og gagnsærra svona. Rætt um að félagsmenn geti fengið hluta orlofsdvalar endurgreiddan. Umræður um að kaupa bústað fyrir félagsmenn. Mun meiri fjárfesting og ákveðið að gera það ekki að sinni.
9. Framtíð ferðaþjónustunnar. (Lesi skýrslu.)
10. Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs. Góð fyrirmynd fyrir Hálandisþjóðgarð.
11. Starfsreglur kjaranefndar. (Frestað.)
12. Siðareglur leiðsagnar. (Frestað.)
13. Lagfæringar á heimasíðu (Vilborg tekur það að sér.)
 - a. Setja inn lög Leiðsagnar
 - b. Athuga skráningu í nefndir
 - c. Félagatal
 - d. Upplýsingar um skóla
14. Raunfærnimat (Frestað.)
15. Undirbúningur aðalfundar (Frestað.)
 - a. Hverjir gefa kost á sér áfram?
 - b. Lagabreytingar
 - c. Fundarstjóri
 - d. Fundarstaður
16. Önnur mál. Húsnæðismál að skýrast, skrifstofan verður færð um set í febrúar.

Fundi slitið klukkan 12:00.

